

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá – skýrsla nr. 25

Bátaskrá Þjóðminjasafns Íslands



Ágúst Ólafur Georgsson

2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Alda SH 105	3
Björgunarbátur	6
Engeyjarskip	8
Farsæll	11
Fánabátur	14
Friðþjófur	17
Gróttubátur	22
Gúmmíbjörgunarbátur	24
Hallsteinsnessbátur	26
Hvalurinn FD 243	28
Höfrungur BA 60	31
Julla	35
Kópur	36
Landhelgisbáturinn Ingjaldur	38
Léttubátur	41
Mávur SH 213	44
Norðurljós ÍS 537	46
Norskur kirkjubátur	49
Ófeigur	51
Selabytta	55
Snari PH 36	57
Þór	60
Ögri	64

Inngangur

Þjóðminjasafn Íslands á samtals 23 báta (22) en af þeim eru 18 friðaðir á grundvelli aldurs skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Þeir eru allir smíðaðir úr tré nema einn gúmmíbjörgunarbátur. Árabátar eru í miklum meirihluta en næst koma opnir eða hálfopnir vélbátar. Tveir bátar eru alþiljaðir, annar súðbyrtur en hinn plankabyggður. Sá plankabyggði sker sig verulega úr hvað stærð varðar en hann er 11,7 metrar á lengd (12 brl.). Hinir bátarnir eru súðbyrðingar og mun minni.

Sex af bátum Þjóðminjasafns eru til sýnis á öðrum söfnum og tveir eru í fóstri hjá einkaaðilum sem munu færa þá í upprunalegt horf og gera sjófæra.

Fyrstu bátarnir sem Þjóðminjasafn Íslands eignaðist voru áraskipin Ófeigur, Farsæll og svo kallað Engeyjarskip en öll eru þau mjög verðugir fulltrúar fyrir skipasmíðaarfleifð þjóðarinnar. Þetta voru jafnframt fyrstu bátarnir sem teknir voru til varðveislu hér á landi og var Ófeigur þeirra fyrstur en hann kom í eigu safnsins 1939 en hinir tveir árið eftir.

Mikill áhugi var fyrir söfnun sjóminja um þetta leyti í kjölfar sjávarútvegssýningar sem Sjómannadagsráð Reykjavíkur stóð fyrir en það hafði um nokkurn tíma talað fyrir stofnun sjóminjasafns eða -deildar við Þjóðminjasafn Íslands. Í kjölfar sýningarinnar var skipuð opinber nefnd undir forystu Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar til að vinna að söfnun sjóminja en fulltrúar Fiskifélags Íslands og Sjómannadagsráðs Reykjavíkur áttu einnig sæti í nefndinni. Nefndin starfaði aðeins í stuttan tíma en fékk þó svólítinn styrk frá Alþingi til að vinna að söfnun eða kaupum á sjóminjum sem allar urðu hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins.

Í tíð Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar (1968-2000) hófst markviss söfnun á gömlum bátum en þá voru önnur söfn á landinu ekki farin að sinna þessum málaflokki svo heitið gat. Áhersla var einkum lögð á eldri opna báta og leitað fanga víða um land. Safnið eignaðist þá líka einn af elstu þilfarsbátum landsins, smíðaður 1929 á Akureyri. Þór er tvímælalaust einn helsti frumkvöðull í varðveislu báta hér á landi.

Þess má að lokum geta að bátar Þjóðminjasafns Íslands eru allir skráðir í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp, og hefur þar verið safnað saman helstu heimildum um þá.

Alda



Alda SH 105 við skipasmíðastöðina í Stykkishólmi. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

5078; ÞMS/SMS 1994-31.

2. Tegund

Opinn vélbátur.

3. Hlutverk

Fiskibátur; hlunnindabátur; flutningabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Engin fyrri nöfn svo kunnugt sé.

Eigendur:

1914-1921 (?): Thor Jensen útgerðarmaður, Reykjavík.

1933-1945: Lárus Daníelsson, Akureyjum í Dalasýslu.

1945-um 1950: Tómas Jónsson, Akureyjum.

1975-1979: Björn Ingólfsson og Kjartan Guðmundsson, Stykkishólmi. Alda sett á skipaskrá í fyrsta skipti og fær umdæmisnúmerið SH 272.

1979-1987: Björn Ingólfsson og Jóhann Kúld Björnsson, Stykkishólmi.

1987-1991: Jakob Jakobsson, Stykkishólmi. Báturinn fær umdæmisnúmerið SH 105.

1991-1992: Faxi hf. á Vatnsleysuströnd.

1992: Alda seld til Færeyja og tekin af skrá. Óvíst er hvort hún fór úr landi.

1994-: Sjóminjasafnið Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár

1914–1921.

8. Yfirsmiður

Rögnvaldur Lárusson, Stykkishólmi.

9. Smíðastaður

Stykkishólmur.

10. Brúttórúmllestir

2,4.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 6,4 m; breidd 1,7 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Eik og fura; súðbyrðingur. Litur - sjá ljósmynd.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

Sambyggt vélarhús og stýrishús.

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

1936: 4,5 hestafla Sleipner vél sett í bátinn.

Um 1940: Solo vél, 2-3 hestafla.

Síðast var 22 hestafla Bukh vél í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Alda er sögð smíðuð fyrir Thor Jensen útgerðarmann í Reykjavík sem rak bú í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi 1914-1921 og á báturinn að hafa verið notaðar í tengslum við þann búskap. Frekari upplýsingar liggja ekki fyrir en væntanlega hefur báturinn að mestu verið hafður til flutninga eða aðdráttar og hugsanlega einnig veiða. Annar eigandi, Lárus Daníelsson bóndi í Akureyjum í Dalasýslu 1933–1945, notaði bátinn við selveiðar, dúntekju, lundaveiðar, lítils háttar við hrognkelsveiðar og til allra ferða, t.d. í heyskap. Líklega hefur hann verið notaður á svipaðan hátt í tíð Tómasar Jónssonar í Akureyjum um 1945-1950. Frá 1979–1991 var Alda gerð út sem hlunnindabátur og til fiskveiða frá Stykkishólmi, m.a. hrognkelsveiðar, og frá Vatnsleysuströnd 1991-1992. Báturinn var tekin af skrá 1992. Árið 1994 var hann gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði og settur í geymslu.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Thor Jensen útgerðarmaður í Reykjavík. Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi; Akureyjar í Dalasýslu; Stykkishólmur; Vatnsleysuströnd.

22. Ástand báts

Báturinn er í þokkalegu standi.

23. Upprunaleiki - breytingasaga

Sonur Lárusar Daníelssonar, Guðmundur (f. 1930), segir að stýrishús hafi ekki verið á Öldu þegar hann átti heima í Akureyjum (1933-1945). Guðmundur telur jafnframt að Alda hafi upphaflega verið árabátur. Í skýrslu Jóns Allanssonar um báta í eigu safna segir hins vegar að Alda hafi upprunalega verið smíðuð sem opinn vélbátur. Guðmundur Lárusson segir að árið 1936 hafi verið sett vél í bátinn í fyrsta skipti. Hann var smíðaður upp á þessum árum og mun þá hafa fengið á sig lag vélbáts. Frá því að báturinn var byggður hefur hann verið hækkaður um þrjú borð og er hugsanlegt að það hafi verið gert á þessum tímamarki. Ekki er vitað svo öruggt sé hvenær stýrishús var sett í hann, líklega þó á árunum 1950-1975. Ekki er heldur kunnugt um hvort núverandi litir séu upprunalegir.

24. Viðhald og viðgerðir

Sjá undir lið 23.

25. Heimildir

Bjarnarhöfn, <https://is.wikipedia.org/wiki/Bjarnarh%C3%B6fn>. Skoðað 12. september 2017).

Guðmundur Lárusson, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði. Munnlegar upplýsingar 14. janúar 2004.

Jón Allansson, *Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra safna*, Sjóminjasafn Íslands (fjölrit) 1995.

Jón Björnsson, *Íslensk skip, bátar* 3. Reykjavík 1999, bls. 131.

Rögnvaldur Bergsveinsson fyrrv. skipstjóri, Stekkjarflöt 9, Garðabæ. Munlegar upplýsingar 15. september 2003.

Samgöngustofa, skipaskrá, <https://www.samgongustofa.is/siglingar/skrar-og-utgafa/skipaskra/uppfletting?sq=5078>. Skoðað 19. júlí 2017.

„Úr hefðbundnum búskap í að rækta venskap við ferðamenn“, *Bændablaðið* 10. mars 2017, bls. 23.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 1994-31.
<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=352653>

26. Varðveislustaða

Aldursfriðun; skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Alda er einn af fáum súðbyrðingum sem varðveist hafa á Snæfellsnesi og á sér jafnframt sögu í Breiðafjarðareyjum. Báturinn er í sæmilegu standi og þökkalegar heimildir eru til um sögu hans þótt þeim beri ekki saman í öllum atriðum. Báturinn er

aldursfriðaður og skráður safngripur.

Björgunarbátur



Björgunarbátur af Fáki GK 24. Myndin er tekin árið 2018. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 1993-91.

2. Tegund

Opinn vélbátur.

3. Hlutverk

Björgunarbátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Eigendur:

1956-1993: Einar Þorgilsson & Co. í Hafnarfirði.

1993-: Sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

1956.

8. Hönnuður, yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Frederikssund Skibsværft A/S í Danmörku.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 4,5 m; breidd 1,5 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur. Svartur gúmmíkantur er á borðstokk báðum megin. Hvítur litur samanber ljósmynd.

13. Skrokklag

Tvístöfnungur. Handföng úr viði eru á sitt hvorri hlið bátsins.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Báturinn var upphaflega með vél en hún hefur verið fjarlægð úr honum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Björgunarbátur af fiskibátum Fáki GK 24. Fákur var smíðaður í Frederikssund Skibsværft A/S í Danmörku 1956 og gerður út frá Hafnarfirði 1956-1968. Eigandi Einar Þorgilsson & Co. h/f. Björgunarbáturinn fylgdi ekki með í kaupunum þegar skipið var selt til Steinunnar hf í Reykjavík árið 1968. Eign sjóminjasafnsins í Hafnarfirði frá 1993.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátum

Hafnarfjörður; Einar Þorgilsson útgerðarmaður, fiskverkandi og kaupmaður í Hafnarfirði.

22. Ástand báts

Þokkalegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Upprunalegur að sjá, þ.m.t. hvítur litur. Vantar vélina.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Ásgeir Jakobsson, *Hafnarfjarðarjarlinn. Einars saga Þorgilssonar*. Hafnarfjörður 1987.

Jón Allansson, *Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra safna*, Sjóminjasafn Íslands (fjölrit) 1995, bls. 6.

Jón Björnsson, *Íslensk skip* 1. Reykjavík 1990. bls. 175.

Þjóðminjasafn Íslands. ÞMS/SMS 1993-91.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=345177>.

26. Varðveislustaða

Skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Björgunarbátur af fiskibáti sem smíðaður var í Danmörku um miðja 20. öld og notaður hér á landi í 12 ár. Hann er upprunalegur að sjá og í þokkalegu standi. Báturinn er skráður safngripur og góðar heimildir eru til um sögu hans.

Engeyjarskip



Engeyjarskip á sýningu í Þjóðminjasafni Íslands. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS 15287.

2. Tegund

Árabátur; sexæringur.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur aldrei borið eigið nafn.

Eigendur:

Um 1912-1940: Bjarni Brynjólfsson (1874-1945), bátasmiður í Engey.

1940-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaaár (aldur)

Um 1912.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Bjarni Brynjólfsson bátasmiður í Engey.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Engey.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 8,6 m; breidd 2,2 m; dýpt 0,7 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Að mestu fura; súðbyrðingur; tjargaður að utan og innan (sjá mynd).

13. Skrokklag

Engejarlag.

14. Pílfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Tvö möstur; segl (sprytsegl); bugspjót; sex árar.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Engeyingar notuð bátinn að öllu jöfnu sem fiskibát en hann var stundum einnig hafður til ferða í land. Bjarni Brynjólfsson í Engey átti bátinn uns hann var seldur Þjóðminjasafni Íslands árið 1940 og var hann lengi til sýnis í safnhúsinu við Suðurgötu. Þetta er síðasti báturinn sem smíðaður var í Engey.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Bjarni Brynjólfsson bátasmiður; Engey.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki - breytingasaga

Báturinn er upprunalegur og óbreyttur að sjá, þ.m.t liturinn.

24. Viðhald og viðgerðir

Gert var við byrðing bátsins sama ár og hann kom til safnsins (1940) og sjást greinileg ummerki eftir viðgerðina. Nýtt bugspjót var smíðað 1998 skv. eldri fyrirmyndum og tilheyrandi járn eldsmíðuð. Einnig var lítilsháttar dyttað að seglum til að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Skráðar upplýsingar um þá viðgerð liggja fyrir.

25. Heimildir

Ágúst Ólafur Georgsson, „Om båtbyggaren Bjarni Brynjólfsson“. *Rapport från seminarium vid Sjöhistoriska museet 29-31 maj 1998*. Ritstj. Ulrika Djerw og Sibylla Haasum. Sjöhistoriska museet 1998, bls. 95-99.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* II. Reykjavík 1982, bls. 292-296.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 15287. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=339170>.

26. Varðveislustaða

Aldursfriðun; skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Óbreyttur og upprunalegur árabátur með Engeyjarlagi, fiskibátur, frá því í byrjun 20. aldar með öllum búnaði. Hann er skráður safngripur og friðaður á grundvelli aldurs. Síðasti báturinn sem smíðaður var í Engey.



Engeyjarskipið var lengi til sýnis í s.k. sjóminjasafni á neðstu hæð Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Myndin er tekin 1966. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands. ÞM-5431.

Farsæll



Farsæll á sýningu í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Ljósmynd: Byggðasafn Árnesinga.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; SE 1984-1.

2. Tegund

Árabátur; tólfæringur (tólfróinn teinæringur).

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands telst vera eigandi Farsæls þótt hann sér færður inn í skráningarbækur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur alltaf borið sama nafn.

Eigendur:

1915-1939: Páll Grímsson, Þorlákshöfn.

1939-: Opinber nefnd, sjóminjasafnsnefnd, keypti bátinn til fyrirhugaðs sjóminjasafns eða sjóminjadeildar við Þjóðminjasafn Íslands 1939. Síðan þá hefur báturinn verið eign safnsins en fé til kaupanna var veitt frá Alþingi.

6. Varðveislustaður

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, sýningarsalur.

7. Smíðaaár (aldur)

1915.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Steinn Guðmundsson, Eyrarbakka. Hið svo kallaða „Steinslag“ er kennt við hann.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Eyrarbakki.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 11,8 m; breidd 2,5 m; dýpt 0,8 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; tjargaður að utan og innan.

13. Skrokklag

Steinslag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Tvö möstur, bugspjót, sprytsegl, fokka, klýfir, árar.

18. Vél

Árið 1929 var sett vél í Farsæl sem seinna fjarlægð en ekki er vitað hvenær.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

„Skipið er tólfæringur eða tólfróinn teinæringur. Burðargetan er 10 tonn, eða þúsund fiskar. Áraskipið Farsæll var smíðað fyrir Pál Grímsson frá Nesi í Selvogi, annálaðan formann í Þorlákshöfn. Farsæll var síðasta áraskipið sem gert var út í Þorlákshöfn. Það var á vertíðinni 1929 undir formensku Kristins Vigfússonar trésmíðameistara. Eftir það var sett í það vél og það gert út í tvær vertíðar í Þorlákshöfn, undir formennsku Halldórs Magnússonar frá Hrauni í Ölfusi. Árin 1934-1935 var skipið notað á Eyrarbakka sem farþegaskip í einn og einn róður, undir formennsku Sigurðar A. Sveinssonar og Jóns Jakobssonar. Farsæll keyptur til væntanlegs Sjóminjasafns Íslands 1939.“¹ Skipið hefur verið til sýnis í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka í fjölda ára.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Páll Grímsson formaður í Þorlákshöfn; Steinn Guðmundsson bátasmiður í Þorlákshöfn; Þorlákshöfn.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Upprunalegur og óbreytur að sjá, þ.m.t liturinn. Er með ný möstur, útleggjara og segl.

Ekki er vitað hvort lagi bátsins að aftan var breytt þegar vél var sett í hann 1929.

24. Viðhald og viðgerðir

„Gert var við skipið 1940, en síðan beið það örlaga sinna þar sem það stóð úti. ... Fyrir framtakssemi Sigurðar Guðjónssonar skipstjóra á Litlu-Háeyri var skipinu loks bjargað frá að grotna alveg niður. Hann tók það í sína vörslu og reisti skýli yfir það. Sigurður gekkst fyrir viðgerð á skipinu uppúr 1960 og annaðist Jóhannes Sigurjónsson

¹ Bygðasafn Árnesinga / Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, SE 1984-1.

frá Stéttum hana. ... Sigurður Guðjónsson byggði síðan yfir það sérstakt hús árið 1970 með vitund og vilja yfirvalda. ...² .“

25. Heimildir

Ágúst Ólafur Georgsson, „Sjóminjar“, *Gersemar og þarfaping. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*. Ritstj. Árni Björnsson. Reykjavík 1994, bls. 164.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir II*, Reykjavík 1982, bls.277-281.

Byggðasafn Árnesinga / Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, SE 1984-1.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=357569>.

27. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Síðasti arabáturinn sem gerður var út frá Þorlákshöfn og jafnframt sá eini sem eftir er með s.k. Steinslagi. Báturinn er í góðu standi og hefur verið í vörslu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka í áratugi. Hann er skráður safngripur og aldursfriðaður.



Farsæll á sýningu á Eyrarbakka. Ljósmynd. Byggðasafn Árnesinga.

² Byggðasafn Árnesinga / Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, SE 1984-1.

Fánabáturinn



„Fánabáturinn“ á Reykjavíkurhöfn 1913. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands. Lpr/2003-399-16.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS 1983-14.

2. Tegund

Árabátur, einróinn.

3. Hlutverk

Kappróðrabátur; skemmtibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur ekkert nafn og hefur aldrei haft.

Eigendur:

1909 (?): H.W. Friis útgerðarmaður í Hafnarfirði (?).

1909 (?)-1954: Sigurjón Pétursson forstjóri, Álafossi í Mosfellsbæ.

1954-1983: Ásbjörn Sigurjónsson framkvæmdastjóri, Álafossi í Mosfellsbæ.

1983-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Um 1900-1910.

8. Hönnuður, yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

England.

10. Brúttórúmllestir**11. Lengd, breidd og hæð/dýpt**

5,2 m; 1,5 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrtur; grænn litur að utan og innan.

13. Skrokklag

Hefðbundinn enskur kappróðrabátur með mjög lágum borðstokk.

14. Þilfar**15. Yfirbygging****16. Neðan þilja****17. Möstur, seglabúnaður og árar**

Tvær árar.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í þessum báti.

19. Siglingatæki og annar búnaður**20. Notkunarsaga**

Báturinn kemur við sögu í fánamálinu svo kallaða 12. júní 1913 þegar Einar Pétursson reri á bátnum á Reykjavíkurhöfn með bláhvíta fánann á stöng. Skipstjóri á dönsku varðskipi lét taka niður fánann sem varð til þess að efla mjög samstöðu manna um sérstakan íslenskan þjóðfána. Einar var bróðir Sigurjóns Péturssonar sem átti bátinn. Síðan hefur báturinn verið notaður til skemmtunar af og til.

Töluverðar líkur eru á að kappróðrabáturinn sé hinn sami og auglýstur var til sölu í blaðinu Ísafold 29. maí 1909 og var þá sagður "spánnýr". Eigandi hans var H.W. Friis útgerðarmaður í Hafnarfirði.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum

Fánamálið 12. júní 1913; Einar Pétursson stórkaupmaður og glímumaður, Sigurjón Pétursson glímukappi og forstjóri; Reykjavíkurhöfn.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn var upphaflega með viðarlit (ferniseraður) en er að öðru leiti upprunalegur nema núverandi ljósgrænn litur.

24. Viðhald og viðgerðir

Ásbjörn Sigurjónsson málaði bátinn ljósgrænan en það er sami litur og hann ber nú.

25. Heimildir

Aðfangabók Þjóðminjasafns Íslands 1966-1984, færsla 9. mars 1983.

Ísafold, 29. maí 1909, bls. 123.

„Dagbók, fánadagurinn“, *Morgunblaðið* 11. júní 1933, bls. 4.

„Fálka-herferðin“, *Vísir* 13. júlí 1913, bls. 1.

Ísafold 26. maí 1909, bls. 123.

Tölvupóstur frá Þór Magnússyni fyrrum þjóðminjaverði til Ágústar Georgssonar 28. júlí 2017.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS 1983-14. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=314234>

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Hefðbundinn enskur kappróðrabátur, venjulega kallaður „fánabáturinn“ þar sem hann kemur við sögu í fánamálinu svo kallaða 12. júní 1913, en það markaði spor í baráttu fyrir íslenskum þjóðfána. Báturinn er mjög upprunalegur og í góðu standi. Hann hefur einstakt sögulegt gildi og er bæði aldursfriðaður og skráður safngripur.



*Fánabáturinn á sýningu í sjóminjasafninu í Hafnarfirði 1993.
Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.*

Friðþjófur



Friðþjófur í viðgerð í Bolungarvík 2002. Ljósmynd: Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; SMS 2001-4.

2. Tegund

Árabátur; sexæringur.

3. Hlutverk

Uppskipunarbátur; fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Ekki er kunnugt um annað heiti á bátnum en Friðþjófur.

Eigendur:

1928-1940: Sláturfélag Reyknesinga, Reykhólahreppi, A-Barðarstrandarsýslu.

Um 1940-2001: Tómas Sigurgeirsson, bóndi á Reykhólum og að honum látnum erfingjar hans.

2001-: Sjóminjasafnið Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Hlunnindasýning á Reykhólum.

7. Smíðaár (aldur)

Nokkur óvissa ríkir um aldur bátsins en sennilega er hann smíðaður um 1910-1920 þar sem hann var ekki nýr þegar hann kom að Reykhólum 1928. Sumir telja að báturinn sé eldri eða frá síðari hluta 19. aldar en það er óvíst.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Nokkur óvissa ríkir um höfund bátsins en hugsanlega var það Ólafur Bergsveinsson skipasmiður í Hvallátrum á Breiðafirði. Að sumra áliti var smiður annar en það er óvíst.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Hvallátur á Breiðafirði?

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 8,3 m; breidd 2,4 m; dýpt 0,8 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Rekaviður; eik; fura; súðbyrðingur, 14 umför; tjargaður að utan og innan með bláan borðstokk og efsta borð, klæðning í miðrymi ferniseruð.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Fjórar nýjar árar.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Fjögur ný austurtrog og pumpa.

20. Notkunarsaga

Friðþjófur var keyptur notaður að Reykhólum árið 1928 í tengslum við sláturhús sem þar var stofnað, Sláturfélag Reyknesinga, til þess að flytja afurðir að skipshlið, auk verkefna við uppskipun og flutninga af ýmsu tagi. Ekki er vitað um upprunalegt hlutverk en báturinn var smíðaður sem sexæringur og hefur áreiðanlega verið notaður til fiskveiða. Hann gæti þess vegna vel verið úr Breiðafjarðareyjum. Um og upp úr 1940 var Friðþjófur seldur Tómasi Sigurgeirssyni bónda á Reykhólum sem hafði bátinn til flutninga á heyi, sauðfé og hrossum. Síðasta ferð hans var 22. ágúst 1952 og var það heylutningur. Eftir það var Friðþjófur dreginn á land að Miðhúsum á Reykjanesi og lá þar óhreyfður til hausts 2001 er Þjóðminjasafnið tók við honum til eignar og endurbóta. Báturinn hefur verið til sýnis á hlunnindasýningunni á Reykhólum eftir að viðgerð á honum lauk 2003.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Reykhólar; Sláturfélag Reyknesinga.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Friðþjófur var upprunalega sexæringur og voru öll ræði rifin af honum þegar honum var breytt í uppskipunarbát, væntanlega 1928. Ekki var þá settur nýr borðstokkur og sáust skýr för eftir ræðin þegar báturinn var tekinn til viðgerðar. Ummerki voru einnig um að miðrymið hafði verið klætt að innan en klæðningin var horfin. Festing fyrir skorður eru sitt hvoru megin á skroknum. Báturinn er áfram með sama lagi og

þegar hann kom til safnsins og er töluvert eftir af upprunalegum viðum. Mikið af byrðingi er nýtt svo og hástokkur, hluti af stefnum, klæðning að innan, árar, stýri, austurtrog, plittar, þófta, pumpa, stýrisjárn, tollur og skorður. Litir eru í anda eldri lita sem fundust við skoðun.

24. Viðhald og viðgerðir

Viðgerð bátsins hófst í september 2001 og stóð með nokkrum hléum til vors 2003. Reynt var að halda eins miklu eftir af upprunalegum viðum og unnt var og ennfremur var lag bátsins látið halda sér alveg óbreytt. Smíða þurfti ný stýrisjárn, tollur og skorður og var það gert í anda hefðbundins handverks, þ.e. eldsmíðuð eins og hin upphaflegu járn. Byrðingurinn sem var fyrir í bátnum var aðallega úr greni, kjölurinn úr eik svo og neðri hluti fram- og afturstefnis. Tvö bönd í botni voru úr eik en önnur bönd að mestu úr furu og greni. Viðurinn sem settur var í stað þess sem var fjarlæggt er rekaviðarfura. Gert var við botninn árið 1943 og hefur sú viðgerð haldið sér vel. Ný bönd sem þá voru sett í eru með óreglulegu millibili og mörg hver á ská. Upphaflegu böndin voru bein og með reglulegu millibili og voru endurnýjuð bönd höfð þannig. Smíðaðir voru nýir plittar, en smíðurinn sem gerði við Friðþjóf 1943, Aðalsteinn Aðalsteinsson frá Hvallátrum á Breiðafirði, segist muna eftir að plittar hafi verið í bátnum. Ennfremur voru smíðaðar árar, stýri, austurtrog, þófta, millirúm og sett ný klæðing að innan í miðrymi. Þá var búin til dæla í samráði við Aðalstein, sem taldi að slíkt áhald hafi verið í bátum. Dælan var smíðuð eftir eldri fyrirmyndum. Báturinn hefur verið tjargaður að utan og innan nema farangursrymið sem er ferniserað og rimaborð blátt. Er það í samræmi við málningarleyfar sem fundust á bátnum og aðrar upplýsingar. Viðgerðin var fjármögnuð með opinberum styrkjum.

25. Heimildir

Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson, Háaleitisbraut 107, Reykjavík. Munnlegar upplýsingar 2002 - 2003, mörgum sinnum. Auk þess má nefna vasabók hans eða minniskompu með skrá um unnar stundir við Friðþjóf árið 1943. Ljósrit er til á Þjóðminjasafni Íslands.

Agnar Jónas Jónsson, skýrsla um uppmælingu og teikningar af Friðþjófi í júlí og október 1999. Þjóðminjasafn Íslands, fjölrít.

Hjörtur Þórarinnsson, Lóurima 15, Selfossi. Ýmsar skriflegar upplýsingar sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Íslands.

Jón Allansson, *Skýrsla. Vísindaleiðangur Sjóminjasafns Íslands um Snæfellsnes og A - Barðastrandarsýslu 19. júlí - 23. júlí 1993*. Sjóminjasafn Íslands 1993 (fjölrít).

Ragnar Jakobsson, Traðarstíg 4, Bolungarvík. Munnlegar upplýsingar 31. janúar, 15. apríl og 17. október 2002.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 2001-4.
<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=346751>

Þór Magnússon, bátar og sjóminjar í eigu Þjóðminjasafns. Minnisblöð frá ýmsum tímum sem varðveitt eru í Þjóðminjasafni Íslands.

26. Varðveislustaða

Friðun vegna aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Friðþjófur er með breiðfirsku lagi, upphaflega fiskibátur, en var breytt í uppskipunarbát 1928 á vegum Sláturfélags Reyknesinga og er einn af fáum slíkum sem varðveist hafa. Gert var við bátinn eftir að hann komst í eigu Þjóðminjasafnsins þar sem upprunaleiki og gömul handbrögð voru höfð í öndvegi. Viðgerðin tók mið af útliti bátsins þegar hann var uppskipunarbátur. Friðþjófur er bæði aldursfriðaður og skráður safngripur.



Friðþjófur, komið nýtt stýri og búið að tjarga skrokkinn. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.



Friðþjófur að lokinni viðgerð 2003. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.



Hér sést nokkuð vel hvaða borðum var skipt út í Friðþjófi. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.

Gróttubátur



Skekta frá Gróttu á sýningu árið 1994. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; ÞMS 1979-4.

2. Tegund

Árabátur.

3. Hlutverk

Frístundabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Bátinum var aldrei gefið nafn.

Eigendur:

1910/1912-1970: Albert Þorvarðarson vitavörður í Gróttu, Seltjarnarneskaupstað.

1970-1979: Erfingjar Alberts Þorvarðarsonar.

1979-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Um 1910-1912.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Albert Þorvarðarson, Gróttu.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Gróttu.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd og breidd:

Lengd 3,3 m; breidd 1 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur. Fölgrænn að utan.

13. Skrokklag

Engeyjarlag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Tvær árar. Báturinn er sagður hafa verið með mastur og segl en þann búnað vantar nú.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Þetta mun vera fyrsti báturinn sem Albert Þorvarðarson smíðaði, þá 14-16 ára gamall. Hann er í raun fremur leikfang en eiginlegur bátur. Albert notaði bátinn mest við ferðir milli Gróttu og lands áður en grjótgarðurinn kom. Ennfremur mun Albert hafa notað bátinn eitthvað við hrognkelsaveiðar nálægt Gróttu, og var þá aðeins með eitt eða tvö net.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Gróttu. Albert Þorvarðarson.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn var gerður fyrir segl, en þann útbúnað vantar nú. Að öðru leiti er hann upprunalegur og sennilega litir einnig.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Páll Guðmundsson, Lækjarsmára 6, Kópavogi. Munnlegar upplýsingar 13.12.2004.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 1979-4. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=327910>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Vel með farinn en óvenju lítill súðbyrðingur með Engeyjarlagi sem minnir fremur á leikfang en eiginlegan bát. Hann var samt notaður á sjó, aðallega við ferðir á milli Gróttu og lands. Aldursfriðaður og skráður safngripur.

Gúmmíbjörgunarbátur

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipsskrárnúmer; PMS/SMS 1995-12-1.

2. Tegund

Gúmmíbátur.

3. Hlutverk

Björgunarbátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur eðli málsins samkvæmt ekkert nafn. Ekkert umdæmisnúmer.

Eigendur:

1958-1970: Jóhannes og Marteinn Tómassynir, Vestmannaeyjum.

1970-1995: Einar Halldórsson og Ástþór Markússon, Reykjavík.

1995-: Sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

1958.

8. Hönnuður, yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Elliot Equipment Ltd., Englandi.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Gúmmí og bómullarvefnaður.

13. Skrokklag

Hringlaga, uppblásinn bátur með þaki.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Tvær árar.

18. Vél

Vél er ekki í bátnum og hefur aldrei verið.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Rekankeri; loftdæla; hnífur; viðgerðarsett; rafhlaða; handfæri; spegill; Nýja testamenti og Davíðssálmar; hitapoki, neyðarbirgðir s.s. vatn og matur á dósum; svampar; vasaljós; gúmmítappar; segldúkstaska og trékassi til að geyma bátinn í.

20. Notkunarsaga

Björgunarbátur úr gúmmí fyrir fjóra menn. Tegund Elliot. Jóhannes og Marteinn Tómassynir í Vestmannaeyjum keyptu bátinn til landsins, líklega 1958, en þeir fluttu eitthvað inn af slíkum bátum á tímabili. Báturinn mun hafa verið til sýnis á sjómannadaginn í Eyjum í einhver skipti og þá aðallega vegna smæðar sinnar. Einar Halldórsson sjómaður í Reykjavík keypti gúmmíbjörgunarbátinn og setti um borð í fiskibát sinn Sæbjörgu RE 315, skipaskrárnúmer 5245, árið 1970. Sæbjörg var 4,25 brl. Báturinn var mjög stutt í Sæbjörgu því síðar á árinu keypti Einar annan bát sem bar sama nafn og umdæmisnúmer, en var nokkuð stærri eða 7,85 brl. Þessi bátur bar skipaskrárnúmerið 5168. Björgunarbáturinn var um borð í síðari Sæbjörgu til 1993, síðustu árin til vara, en hún var tekin af skrá 30. mars 1993. Eftir þetta var björgunarbáturinn geymdur hjá Gúmmíbátapjónustunni, Eyjaslóð 9, Reykjavík, eða þar til hann var gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Reykjavík, Vestmannaeyjar.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Upprunalegur og óbreyttur.

24. Viðhald og viðgerðir

Ásgeir Óskarsson framkvæmdastjóri Gúmmíbátapjónustunnar í Reykjavík lét gera bátnum til góða og kom honum í gott stand áður en hann var afhentur sjóminjasafninu í Hafnarfirði.

25. Heimildir

Jóhannes Tómasson, Fífilgötu 8, Vestmannaeyjum. Munnlegar upplýsingar 15. jan. 1996.

Jón Björnsson, *Íslensk skip, bátar* 3. Reykjavík 1999, bls. 87, 99-100.

Þjóðminjasafn Íslands. PMS/SMS 1995-12-1.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=344461>.

27. Varðveislustaða

Skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Afar vel með farinn gúmmíbjörgunarbátur með upprunalegum búnaði frá upphafsárum slíkra báta á Íslandi. Skráður safngripur.

Hallsteinsnessbátur



Hallsteinsnessbátur á sýningu á Reykhólum. Ljósmynd af báta og hlunnindasýningunni á Reykhólum.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; ÞMS/SMS 1986-1.

2. Tegund

Árabátur; tveggja manna far.

3. Hlutverk

Hlunnindabátur; flutningabátur; fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur aldrei haft eiginlegt nafn en var venjulega kallaður Hallsteinsnessbátur.

Ekkert umdæmisnúmer.

Eigendur:

1935-1986: Þorbergur Ólafsson skipasmíðameistari frá Hallsteinsnesi í Reykhólahreppi, A-Barðarstrandarsýslu, seinna í Hafnarfirði.

1986-: Sjóminjasafnið Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Báta og hlunnindasýning á Reykhólum.

7. Smíðaár (aldur)

1935.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Þorbergur Ólafsson Hallsteinsnesi.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Hallsteinsnes.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 5,2 m; breidd 1,5 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; litur - sjá mynd.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur, gaffalsegl, fokka og fjórar árar.

18. Vél

Um 1960 var sett vél í bátinn sem seinna var tekin úr honum, líklega skömmu fyrir 1986.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Stýri, eitt austurtrog, tveir búkkar og tvær járnskorður.

20. Notkunarsaga

Báturinn var hafður til almennra heimilisþarfa á Hallsteinsnesi, við selveiðar, eggjatekju, dúntekju og björgun kinda af flæðiskerjum, en hins vegar aldrei við fiskveiðar þar vestra. Síðast en ekki síst var báturinn notaður við flutninga af ýmsu tagi, bæði á fólki og varningi, og var á tímabili eitt helsta samgöngutækið við Þorskafjörð og Djúpafjörð áður en bílvegur kom í sveitina. Um 1960 var báturinn fluttur til Hafnarfjarðar og notaður við hrognkelsaveiðar um skeið. Ólafur Ólafsson, bróðir Þorbergs og fyrrum bóndi í Hallsteinsnesi, reri á bátum frá Hafnarfirði. Hann var alla tíð í eigu Þorbergs uns hann var gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði árið 1986.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Hallsteinsnes, Hafnarfjörður.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn er smíðaður sem árabátur með seglum. Þegar hann var fluttur til Hafnarfjarðar um 1960 var sett í hann vél og skuturinn breikkaður. Seinna var vélin tekin úr, líklega skömmu fyrir 1986, en nýi skuturinn látinn halda sér. Að öðru leyti er skrokkurinn óbreyttur. Nýtt segl, líkt því gamla, var saumað árið 1990. Stýri, árar, austurtrog og búkkar eru frá um 1980-1986 og jafnvel einnig skorðurnar. Ekki liggur fyrir hvort núverandi litur er sami og hinn upprunalegi en það er sennilegt. Báturinn var með þessum lit þegar hann var gefinn safninu.

24. Viðhald og viðgerðir

Þorbergur Ólafsson lét gera við bátinn og mála áður en hann var afhentur sjóminjasafninu í Hafnarfirði.

25. Heimildir

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS/SMS 1986-1.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=356983>


26. Varðveislustaða

Friðun vegna aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Vel með farinn og nánast upprunalegur heimilisbátur með breiðfirsku lagi úr utanverðum Þorskafirði frá fyrri hluta 20. aldar. Hann er skráður safngripur og aldursfriðaður.

Hvalurinn FD 243



Teikning af Hvalurinn skv. uppmælingu. Andras Mortensen, Hin föroyfski róðrabáturinn, bls. 299.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Færeyskt skráningarnúmer FD 243; ÞMS/SMS 1993-86-1.

2. Tegund

Árabátur; áttæringur.

3. Hlutverk

Fiskibátur; grindhvalveiðibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur alla tíð borið sama nafn.

Eigendur:

1903-? :Hans Joensen, kaupmaður á Eiði í Færeyjum.

?-1993. Axel Hansen útgerðarmaður í Þórshöfn í Færeyjum.

1993-: Sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðarár (aldur)

1903.

8. Hönnuður, yfirmsiður

Hermann Mörköre og Johannes Myklegaard, Eiði í Færeyjum.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Eiði í Færeyjum.

10. Brúttórúmlestir

1,4 brl.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 7,7 m; breidd 1,7 m.

12. Smíðaeftir og samsetning skrokk

Tré; súðbyrðingur; hvítur litur.

13. Skrokklag

Færeyskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur með segli og átta árar.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum svo vitað sé.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Fánastöng með færeyska fánanum; áhöld til grindhvala- og fiskveiða. Fjögur hömlubönd úr grindhvalahúð, eitt fyrir hverja ár, eru á hvorum borðstokk.

20. Notkunarsaga

Hvalurin á sér enga sögu á Íslandi en var gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði 1993 eftir að bátageymsla safnsins brann til kaldra kola. Báturinn var notaður til fisk- og grindhvalaveiða við Færeyjar og var tekinn á skipaskrá 1903. Eigandi var þá Hans Joensen, kaupmaður á Eiði, en formaður Marius Hansen. Báturinn var lengi til sýnis í Sædýrsafninu í Höfnum en frá 2004 hefur hann verið í geymslu.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Færeyjar.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn er mjög upprunalegur að sjá. Ekki er kunnugt um hvort breytingar hafi verið gerðar á honum, þ.m.t. litir.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Andras Mortensen, *Hin færoyski róðrabáturinn: sjómentir færoyinga í eldri tíð*.
Torshavn 2000, bls. 298-299.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 1993-86-1.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=346689>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Upprunalegur og vel með farinn færeyskur grindhvalveiði- og fiskibátur sem á sér skráða sögu í Færeyjum en enga á Íslandi. Hann er aldursfriðaður og skráður safngripur.



Hvalurinn FD 243 í geymslu í Kópavogi árið 2018. Ljósmynd. Ágúst Ólafur Georgsson.

Höfrungur BA 60



Kári Sölmundarson EA 454 (seinna Höfrungur BA 60) á siglingu. Ljósmyndasíða Þorgeirs Baldurssonar.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

598; PMS/ SMS 1988-234.

2. Tegund

Vélbátur með þilfari.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

1930-1941: Kári Sölmundarson EA 454; eigandi Jón Halldórsson Ólafsfirði.

1941-1947: Jörundur Jónsson EA 454; eigendur Njáll Stefánsson og Jörundur Jóhannsson Hrísey.

1947-1953: Kári SK 61; eigandi Sigurberg S. Jóhannsson Hofsósi.

1953-1955: Kári EA 44; eigendur Jóhannes Magnússon og Þorsteinn Símonarson Akureyri.

1955-1959: Kári EA 44; eigandi Þorsteinn Símonarson Akureyri.

1959-1960: Kári EA 44; eigandi Haraldur Kristjánsson Hafnarfirði.

1960-1962: Höfrungur BA 60; eigendur Þórður J. Jónsson og Helgi Guðmundsson Kvígindsfelli Tálknafirði.

1962-1988: Höfrungur BA 60; eigandi Þórður J. Jónsson Suðureyri Tálknafirði.

1988: Þjóðminjasafn Íslands kaupir bátinn.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymslulóð.

7. Smíðaár (aldur)

1929.

8. Hönnuður, yfirmiður

Gunnar Jónsson skipasmíðameistari á Akureyri.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Skipasmíðastöð Gunnars Jónssonar á Akureyri.

10. Brúttórúmlestir

11,9.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 11,7 m, breidd 3,6 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Eik og fura; sléttsúð; rauður botn, grænar síður og hvítur borðstokkur.

13. Skrokklag

Kútterslag, eða því sem næst; nánast lóðrétt stefni og hekk.

14. Þilfar

Alþiljað.

15. Yfirbygging

Stýrishús; lúkarskappi; afturbyggður.

16. Neðan þilja

Lúkar, lest og vélarrými.

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Tvö möstur.

18. Vél

1929-1943: Tuxham 38 ha.

1943-1955: Kahlenberg 60 ha.

1955: GM díselvél 75 ha.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Fiskibátur sem gerður var út frá Ólafsfirði 1930-1941, Hrísey 1941-1947, Hofsósi 1947-1955, Akureyri 1955-1959, Hafnarfirði 1959-1960 og loks frá Tálknafirði 1960-1988 er Þjóðminjasafnið keypti bátinn.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Akureyri, Ólafsfjörður, Hrísey, Hofsós, Hafnarfjörður, Tálknafjörður.

22. Ástand

Höfrungur hefur staðið á þurru landi frá um 1990 og er nú farinn að láta á sjá. Hann var skoðaður af skipasmíð vorið 2017 og var þá metinn viðgerðarhæfur með það í huga að gera hann sjófæran á ný.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Upprunalegur skrokkur en nýtt stýrishús. Ekki er kunnugt um hve lengi núverandi litir hafa verið á bátnum.

24. Viðhald og viðgerðir

Ókunnugt er um viðhald og viðgerðir. Bárújárnsþak var byggt yfir bátinn um 2000 og hefur það gert mikið við hlífa honum fyrir veðri og vindum.

25. Heimildir

<https://www.samgongustofa.is/siglingar/skrar-og-utgafa/skipaskra/uppfletting?sq=598>

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 1988-234.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=323703>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Einn fárra báta sem enn eru til með þessu gamla formi, þ.e. kútterslagi. Elsti varðveitti, plankabyggði bátur sem smíðaður er á Íslandi. Hann er aldursfriðaður og skráður safngripur.



Höfrungur á geymslustað í Kópavogi 2017. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.



Höfrungur 2018. Bárujárnsþak var byggt yfir bátinn fyrir allmörgum árum. Ljósmynd. Ágúst Ólafur Georgsson.

Julla

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 1995-26.

2. Tegund

Árabátur.

3. Hlutverk

Vitabátur; flutningabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur hvorki nafn né umdæmisnúmer.

Eigendur:

1945-1995: Vita- og hafnarmálastofnun.

1995-: Sjóminjasafnið Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Um 1940.

8. Hönnuður, yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Danmörk.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd um 4 m, breidd um 1,5 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; grænn litur.

13. Skrokklag

Gaflbátur.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Vél hefur ekki verið í bátnum svo vitað sé.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Jullan var í eigu Vita- og hafnamálastofnunar og notuð við vitabyggingar hér á landi og til að vitja um baujur á árunum 1945-1975. Eftir það var hún í geymslu hjá fyrrgreindri stofnun uns hún var gefin sjóminjasafninu í Hafnarfirði 1995 og flutt í geymslu.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

22. Ástand báts

Þokkalegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn virðist upprunalegur að sjá. Upplýsingar liggja hvorki fyrir um útlitsbreytingar né liti.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 1995-26.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=347110>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Julla eða gaflbátur sem smíðaður var í Danmörku um 1940 og notaður við verkefni á vegum Vita- og hafnamálastofnunar um langan tíma. Báturinn er í þokkalegu standi. Hann er skráður safngripur og aldursfriðaður.

Kópur



Kópur. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 1994-30.

2. Tegund

Opinn vélbátur.

3. Hlutverk

Hlunnindabátur; laxeldisbátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Engin fyrri nöfn. Ekkert umdæmisnúmer.

Eigendur:

1955-?: Daníel Runólfsson Fagurhóli í Grundarfirði.

?-1994: Páll Þorkelsson og Runólfur Þorkelsson Grundarfirði.

1994-: Sjóminjasafnið Hafnarfirði / Þjóðminjasafn Íslands eignast bátinn.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

1955.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Guðmundur Kristjánsson skipasmiður í Grundarfirði.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Grundarfjörður.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 5 m; breidd 1,5 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur. Litir – sjá mynd.

13. Skrokklag

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Á sjöunda áratug 20. aldar var sett vél í bátinn.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Kópur var notaður við fuglaveiðar, selveiðar, hrognkelsaveiðar, handfæraveiðar og laxeldi við Grundarfjörð. Báturinn var smíðaður fyrir Þorkel Daníel Runólfsson, Fagurhóli í Grundarfirði, en Guðmundur Runólfsson, útgerðarmaður í Grundarfirði og bróðir Daníels, mun þó hafa notað Kóp mikið og hin seinni árin einnig Runólfur Þorkelsson Grundarfirði. Báturinn var gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði 1994. Gefendur voru bræðurnir Páll Þorkelsson og Runólfur Þorkelsson.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Grundarfjörður.

22. Ástand

Þokkalegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn virðist upprunalegur að sjá hvað varðar form og útlit. Ekki er kunnugt um hugsanlegar litabreytingar.

24. Viðhald og viðgerðir

Porkell Jóhann Pálsson og faðir hans Páll Porkelsson gerðu upp bátinn og komu honum í gott stand áður en hann var gefinn sjóminjasafninu árið 1994. Þeir feðgar fóru í reynsluferð um Hafnarfjörð á Kópi skömmu fyrir afhendinguna og renndu fyrir fisk.

25. Heimildir

”Sjávarútvegssýning í Grundarfirði”, *Úr verinu. Morgunblaðið* 8. ágúst 2001, bls. 19.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3402199.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 1994-30.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=349598>.

Porkell Jóhann Pálsson, Langagerði 1, Reykjavík. Munnlegar upplýsingar 3. desember 2004.

27. Varðveislustaða

Skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Hlunninda- og laxeldisbátur af Snæfellsnesi frá um miðja 20. öld sem er í þokkalegu standi. Báturinn er skráður safngripur.

Landhelgisbáturinn Ingjaldur



Landhelgisbáturinn Ingjaldur á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands 2018. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands. 1973-74-002.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer. PMS 1973-74.

2. Tegund

Árabátur; feræringur.

3. Hlutverk

Fiskibátur; flutningabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Ekkert umdæmisnúmer.

1898-1911: *Meira-Garðsbátur*; eigandi Kristján Ólafsson bóndi Meira-Garði við Dýrafjörð.

1911-?: *Ingjaldur*; eigandi Jón Kristjánsson í Alviðru á Ingjaldssandi, V-Ísafjarðarsýslu.

?-1929: *Ingjaldur*; eigandi Jón Bjarnason Sæbóli á Ingjaldssandi V-Ísafjarðarsýslu.

1929-1972: *Ingjaldur*; eigandi Jón Sveinn Jónsson Sæbóli.

1972-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, grunnsýning.

7. Smíðaár (aldur)

1898.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Bjarni Ólafsson Auðkúlu við Arnarfjörð, V-Ísafjarðarsýslu.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Meiri-Garður við Dýrafjörð eða Auðkúla við Arnarfjörð.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 6,6 m; breidd 1,8 m; dýpt 0,5 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur. Litur – sjá mynd.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur með þversegli; fjórar árar.

18. Vél

1930-1962: Scandia glóðarhausvél.

1962-1972: Albin bensínvél.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Báturinn var alla tíð notaður sem fiskibátur. Á Sæbóli var hann jafnframt hafður til aðdráttá, flutninga og kaupstaðarferða til Flateyrar auk þess að draga árabáta fyrir nágrennana.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Þátttaka bátsins í landhelgisátökum á Dýrafirði 1899 gefur honum einstaka stöðu og þess vegna hefur hann varðveist. Hannes Hafstein skáld og sýslumaður á Ísafirði og seinna ráðherra fékk bátinn að láni þegar hann reyndi að taka enskan togara að ólöglegum veiðum og færa til hafnar. Togaramenn sökkту bátnum og fórust með honum þrír menn en þrír komust af og var Hannes þeirra á meðal. Bátnum var bjargað úr sjónum litlu síðar. Farið var að kalla hann landhelgisbát á seinni árum.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Ingjaldur var hækkaður um eitt borð 1930 þegar vél var sett í hann og neðri hluta afturstefnis breytt fyrir skrúfubúnað, en að öðru leiti hélt báturinn sínu upprunalega formi. Þegar aftur var skipt var um vél, 1962, var báturinn lagður út að aftan, breikkaður, en það hafði ekki verið gert áður. Ennfremur var hækkað um eitt borð til viðbótar, og var þá samtals búið að hækka um tvö borð frá því Ingjaldur var áraskip. Eftir að Þjóðminjasafnið keypti Ingjald 1972 var hann færður í upprunalegt horf, lækkað um tvö borð, sett á hann nýtt afturstefni og mjókkaður að aftan. Báturinn fékk núverandi liti við þetta tækifæri, en um 1960 var hann með ljósan skrokk og dökkan botn.

24. Viðhald og viðgerðir

Sjá lið 23.

25. Heimildir

Finnur Þorláksson, Stórateig 15, Mosfellsbæ. Munnlegar upplýsingar 3. október 2003, 28. október 2003, 23. janúar 2004 og 6. apríl 2004.

Jóhannes Davíðsson, „Sjötugur: Jón Sveinn Jónsson bóndi Sæbóli á Kirkjusandi“, *Íslendingaþættir Tímans* 2.12.1970, bls. 24-25.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* II. Reykjavík 1982, bls. 327-330.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 1973-74,
<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=313695>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Dæmigerður róinn fiski- og flutningabátur frá um aldamótin 1900 sem er í góðu standi. Báturinn hefur einstakt sögulegt gildi vegna þátttöku sinnar í landhelgisátökum á Dýrafirði 1899. Hann er skráður safngripur og friðaður á grundvelli aldurs.



Landhelgisbáturinn Ingjaldur kemur til Reykjavíkur með vitaskipinu Árvakri árið 1973. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands. PM-6429.

Léttbátur



Léttbátur af togaranum Garðari GK 25. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 1987-44.

2. Tegund

Árabátur.

3. Hlutverk

Léttbátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur ekki nafn. Ekkert umdæmisnúmer.

Eigendur:

1930/1935 – 1987: Einar Þorgilsson & Co., Hafnarfirði.

1987-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

1930-1935.

8. Hönnuður, yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Smíðastaður á Íslandi, hugsanlega í Hafnarfirði.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 5,5; breidd 1,60 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; litur – sjá mynd.

13. Skrokklag

Líkist breiðfirsku bátalagi með bognu og mikið hallandi framstefni og bognu afturstefni.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Aldrei hefur verið vél í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Léttbátur af togaranum Garðari GK 25 sem gerður var út frá Hafnarfirði 1930-1943.

Togarinn var einnig á síldveiðum frá Djúpuvík á sumrin og var léttbáturinn þá notaður til að snúast við nótna. Keðjur eru að framan og aftan í bátnum til þess að hífa hann til og frá borði á togaranum. Léttbátnum bregður fyrir í Íslandskvikmynd kaftains A.M. Dam 1939, *Myndir frá Íslandi (Billeder fra Island)*, en hann kvikmyndaði töluvert um borð í togaranum árið 1938. Ennfremur sést léttbáturinn á ljósmyndum í GÁ safni sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Hafnarfjörður, Djúpuvík, togarinn Garðar GK 25.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn sýnist upprunalegur og óbreytur miðað við gamlar ljósmyndir. Ekki er kunnugt um hvort litir séu upprunalegir.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Heimasíða Síldarminjasafns Íslands, <http://www.sild.is/sildarsagan/kvikmyndir/>

„Danska flugvjelin. Framhald af þriðju síðu“. *Morgunblaðið* 15. júlí 1938, bls. 6.

„Myndatöku mælingamanna á Suðurlandi lokið. Flugvjelin byrjar síldarleit fyrir Norðurlandi.“ *Morgunblaðið* 15. júlí 1938, bls. 3 og 6.

Sarpur, <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=356540>.

sarpur. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=717586>.

„Veisla fyrir krónprínshjónin á Akureyri í fyrrakvöld.“ *Morgunblaðið* 29. júlí 1938, bls. 4.

Þjóðminjasafn Íslands, almenn myndaskrá, Guðjartur V. Ásgeirsson.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Vel varðveittur léttbátur sem notaður var til aðstoðar á síldveiðum á íslenskum togara um 1935-1942. Báturinn er skráður safngripur og nýtur friðunar á grundvelli aldurs.

Mávur



Mávur SH 213. Myndin er tekin árið 2018. Ljósmynd af Ágústi Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

5069; PMS/SMS 1994-32.

2. Tegund

Opinn vélbátur.

3. Hlutverk

Fiskibátur; hlunnindabátur; flutningabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

1938/1939-1972: Bragi; ekkert umdæmisnúmer; eigandi Albert Þorvarðarson, Gróttu, Seltjarnarneskaupstað.

1972-1994: Mávur SH 213; eigandi Kjartan G. Magnússon læknir í Reykjavík.

1994-: Eigandi Sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaaár (aldur)

1938 eða 1939.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Albert Þorvarðarson í Gróttu. Honum til aðstoðar var Kristinn Ottason bátasmiður í Reykjavík

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Bátasmíðastöð Kristins og Péturs Ottasona í Reykjavík.

10. Brúttórúmllestir

2.14 brl.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 8 m; breidd 2 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Eik og fura; súðbyrðingur; svartur botn með hvítum síðum, grænn borðstokkur og slettilisti. Það er sami litur og þegar eigendaskipti urðu á bátnum 1972. Hvítmáluð upphækkun úr krossviði eða álíka efni er innan á borðstokknum.

13. Skrokklag

Engeyjarlag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Báturinn var vélbátur frá upphafi en búið er að fjarlægja vélina úr honum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Báturinn var smíðaður fyrir Albert Þorvarðarson í Gróttu sem notaði hann til fiskveiða alla tíð og kallaði Braga. Kjartan G. Magnússon læknir í Reykjavík keypti bátinn af erfingjum Alberts 1972. Kjartan gaf bátnum heitið Mávur og hann þá færður á skipaskrá í fyrsta skipti. Kjartan notaði bátinn í Jónsnesi, Helgafellssveit á Snæfellsnesi, frá 1973 uns hann var tekinn af skrá og gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði 1994. Kjartan notaði Máv við grásleppuveiðar, æðarvarp, lundatekju, selveiði, sem samgöngutæki og við alla flutninga til og frá Jónsnesi, en enginn bílvegur er þangað.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Gróttu; Jónsnes.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Skipasmíðastöð Kristjáns Guðmundssonar í Stykkishólmi setti sporöskjulaga upphækkun í bátinn eftir að hann kom í Jónsnes og er hún enn í bátnum. Ekki er kunnugt um hvort núverandi litur bátsins sé upprunalegur.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Sarpur. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=351163>.

Þjóðminjasafn Íslands, ljósmyndir af Mávi frá um 1940-1950.

27. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Vel með farinn opinn vélbátur með Engeyjarlagi sem smíðaður var í Reykjavík um 1940 og á sér sögu sem fiski- og hlunnindabátur í Gróttu og á Snæfellsnesi. Báturinn er skráður safngripur og nýtur friðunar á grundvelli aldurs.

Norðurljós



Norðurljós ÍS 537 árið 2018. Ljósmynd. Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; ÞMS 1979-501.

2. Tegund

Vélbátur með þilfari.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Elvar Sigurgeirsson.

Báturinn er í fóstri hjá Elvari Sigurgeirssyni á Bolungarvík samkvæmt samningi við Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

1939-1979: Norðurljós ÍS 537; eigandi Bernódus Finnbogason, Reykjavík.

1979-2018: Þjóðminjasafn Íslands.

2018: Afhentur Elvari Sigurgeirssyni á Bolungarvík skv. sérstökum samningi við Þjóðminjasafn Íslands þar sem Elvar skuldbindur sig til að gera bátinn sjófæran og koma í upprunalegt horf.

6. Varðveislustaður

Bolungarvík, geymsluport.

7. Smíðaár (aldur)

1939.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Sigmundur Falsson í Bolungarvík.

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

Bolungarvík.

10. Brúttórúmllestir

3,05.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 7 m; breidd 2 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; litir – sjá myndir.

13. Skrokklag

Sjá mynd.

14. Þilfar

Alþiljað.

15. Yfirbygging

Kappi að framan og aftan.

16. Neðan þilja

Vélarrúm; lest; lúkar.

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur var í bátnum sem fella mátti niður.

18. Vél

1939 - um 1980: Skandia glóðarhausvél, 7-10 ha.

Um 1980: Vélin tekin úr bátnum og sett í geymslu Þjóðminjasafns Íslands.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

“Seglskip með hjálparvél” skv. eftirlitsbók sem fylgdi bátnum. Bernóðus Finnbogason keypti hann nýjan og gerði út til fiskveiða frá Bolungarvík uns hann flutti til Reykjavíkur 1953 og tók bátinn með sér. Fyrir sunnan mun Bernóðus aðeins hafa róið á bátnum eitt sumar og stóð hann eftir það á Laugarnestanga. Þjóðminjasafnið keypti bátinn 1979 og setti í geymslu. Hann er af gerð sem algeng var þar vestra.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum

Bolungarvík.

22. Ástand báts

Báturinn var talsvert farinn að fúna þegar Þjóðminjasafnið eignaðist hann enda hafði hann þá staðið á þurru landi í rúmlega 25 ár og ekkert verið málaður. Bátnum hefur farið töluvert aftur síðan.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn er mikið til óbreyttur. Ekki er kunnugt um hvort litur frá 1979 sé upprunalegur, sbr. ljósmynd, en hann er að m.k. frá um 1950.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Jón Björnsson, 1999. *Íslensk skip, bátar 2*, bls. 115. Reykjavík.

Sigmundur Falsson, Sarpur, nafnaskrá.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 1979-501,
<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=329625>.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS/T-1979-1,
<https://skraning.sarpur.is/Adfong/Munir/Munur.aspx?ID=351925>.

27. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Súðbyrtur vélbátur með þilfari sem smíðaður var í Bolungarvík 1939 og gerður út þaðan til fiskveiða í fjölda ára. Báturinn er skráður safngripur og nýtur friðunar á grundvelli aldurs en er mikið farinn að láta á sjá.



Norðurljós á Laugarnestanga í Reykjavík 1979. Ljósmynd.
Þjóðminjasafn Íslands. Skg-4233.

Norskur kirkjubátur



Norskur kirkjubátur. Ljósmynd. Ágúst Ólafur Georgsson 2018.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skráningarnúmer; ÞMS N-97.

2. Tegund

Árabátur; áttæringur.

3. Hlutverk

Kirkjubátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Bátinum hefur aldrei verið gefið nafn svo vitað sé. Ekkert umdæmisnúmer.

Eigendur:

Um 1850-1949: Ekki er kunnugt um hverjir fyrri eigendur í Noregi voru.

1949– 1952: Hordaland landbruksmuseum, Noregi, nú Hordamuseet.

1952-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Um 1850.

8. Hönnuður / yfirsmiður

John Nilsson Samland, Hörðalandi í Noregi.

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

Samland, Jondal Herad, Hörðalandi í Noregi.

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 6,6 m; breidd 1,8 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; viðarlitur.

13. Skrokklag

Norskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Ekki er vitað um sögu bátsins nema að hann er kirkjubátur frá Hörðalandi í Noregi, áttæringur, frá um 1850. Á strandlengjunni á Vesturlandinu voru kirkjubátar mjög algengir og oft sameign margra bæja. Minnstu kirkjubátarnir voru sexæringar en venjulegri voru áttæringar eins og þessi, einnig teinæringar og stöku sinnum tólfæringar. Hordaland landbruksmuseum (nú Hordamuseet) eignaðist bátinn 15. maí 1949 og er talið fullvíst að það sé sami bátur og var gefinn Þjóðminjasafninu 1952 þótt það hafi ekki verið fært til bókar á Hordaland landbruksmuseum á sínum tíma.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Hörðaland í Noregi. John Nilsson Samland bátasmiður í Hörðalandi í Noregi.

22. Ástand báts

Eitt borð í bátnum er skemmt og brotið af eitt ræði. Að öðru leyti er hann í góðu standi.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn er mjög upprunalegur að sjá, einnig liturinn.

24. Viðhald og viðgerðir

Ekki er kunnugt um neinar viðgerðir eftir að báturinn var gefinn Þjóðminjasafni Íslands.

25. Heimildir

Friðrik Ásmundsson Brekkan, „Frá Þjóðminjasafni: Norska safnið,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 23. október 1955, bls. 582.

„Norska skógræktarfélagið færði Íslendingum veglegar gjafir,“ *Alþýðublaðið* 7. júní 1952, bls. 8.

„Skilnaðarsamsæti fyrir Skógræktarfélagið norska. Það fer annað kvöld,“ *Morgunblaðið* 7. júní 1952, bls. 2.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS N-97, <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=356794>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegna aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Norskur kirkjubátur frá um miðja 19. öld sem á sér enga sögu hér á landi. Báturinn er skráður safngripur og friðaður á grundvelli aldurs. Hann var gefinn Þjóðminjasafni Íslands 1952 og er í góðu standi.

Ófeigur



Ófeigur á sýningu á Reykjum í Hrótafirði. Ljósmynd: Byggðasafnið á Reykjum.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; BR-1.

2. Tegund

Árabátur; tíróinn áttæringur.

3. Hlutverk

Hákarlaveiðibátur; flutningabátur; fiskibátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands telst vera eigandi Ófeigs þótt hann sé skráður inn í Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Engin umdæmisnúmer.

Eigendur:

1875-1934: Guðmundur Pétursson, Ófeigsfirði, Árneshreppi í Strandasýslu.

1934-1940: Pétur Guðmundsson, Ófeigsfirði.

1940-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Byggðasafnið Reykjum, sýningarsalur.

7. Smíðaár (aldur)

1875.

8. Hönnuður, yfirmiður

Jón Jónsson, Krossnesi, Árneshreppi í Strandasýslu.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Ófeigsfjörður.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 11,9 m; breidd 3,3 m; dýpt 1,1 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Rekaviður; súðbyrðingur; tjargaður að utan og innan.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Fjórar árar; átta keipar; eitt mastur; beitiás; tvö þversegl, það efra toppsegl.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið sett í bátinn.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Lifrarkassar; járnþottur (kaffibúnaður).

20. Notkunarsaga

Ófeigur var notaður við hákarlaveiðar, fiskveiðar og flutninga á Ströndum, aðallega viðarflutninga, 1875–1933. Síðast var farið á honum til hákarlaveiða 1913 en báturinn var hafður til flutninga eftir það uns notkun var alveg hætt (1933). Síðan var hann geymdur í Ófeigsfirði á þurru landi uns Þjóðminjasafn Íslands fékk hann til eignar og varðveislu.

Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði gaf Þjóðminjasafninu Ófeig árið 1940 en hafði áfram umsjón með bátnum uns hann var fluttur að byggðasafninu á Reykjum í Hrútafirði 1961 eftir að lokið var við að reisa hús yfir hann þar á staðnum. Hefur Byggðasafnið annast varðveislu hans síðan.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Ófeigsfjörður í Strandasýslu.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Útlitslega er báturinn mjög upprunalegur. Lifrarkassar eru nýsmíði og einhverjir fleiri lausir gripir. Sami litur og hinn upprunalegi.

24. Viðhald og viðgerðir

Þjóðminjasafnið kostaði allmikla viðgerð á Ófeigi 1940. Frekari viðgerðir hafa ekki verið gerðar á honum síðan.

25. Heimildir

Aðfangabók Þjóðminjasafns Íslands 1920-1966, færsla 18. september 1939, ljósmynd af Ófeigi, Pétur Jónsson Stökkum afhenti.

Byggðasafnið Reykjum, nr. 1, <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=208468>.

[Kristján Eldjárn], „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1962“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1962*, bls. 195.

[Kristján Eldjárn], „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1967“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1968*, bls. 127-128.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir II*. Reykjavík 1982, bls. 345-352.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, nr. 1, <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=208468>.

Pétur Jónsson frá Stökkum, „Kaldar nætur“, *Vísir, sunnudagsblað*, 21. júlí 1940, bls. 1-4.

Þór Magnússon fv. Þjóðminjavörður, tölvupóstur til Ágústar Georgssonar, 9. ágúst 2017.

27. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur

28. Almenn umsögn

Annar af tveimur hákarlabátum sem varðveist hafa á Íslandi og er hann mjög upprunalegur og í góðu standi. Hann er varðveittur á Byggðasafninu að Reykjum í Hrutafirði. Ófeigur er fyrsti báturinn sem tekinn var til varðveislu á Íslandi er hann með breiðfirsku lagi. Báturinn er skráður safngripur og friðaður á grundvelli aldurs.



Hákarlaskipið Ófeigur 1898 undir fullum seglum með 18 manns um borð. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands. Lpr. 2963.



Ófeigur 1915 í Ófeigsfirði á Ströndum. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands. Lpr-1326.



Ófeigur við fjöruna á Reykjum í Hrótafirði 1961. Við hlið hans stendur Ásvaldur Bjarnason símsstöðvarstjóri á Hvamms-tanga. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands. Skg-3153.

Selabytta



Selabytta frá Dalvík árið 2018. Ljósmynd. Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer.

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS 1979-1.

2. Tegund

Árabátur; bytta.

3. Hlutverk

Selveiðibátur; selabytta.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Hvorki er vitað um nafn á bátinum, umdæmisnúmer né fyrri eigendur.

1979-: Þjóðminjasafns Íslands, geymsla.

6. Varðveislustaður

Þjóðminjasafn Íslands.

7. Smíðaaár (aldur)

Um 1880-1890.

8. Hönnuður, yfirsniður

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Ekki er vitað um smíðastað, sennilega þó Eyjafjörður.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 5,9 m; breidd 1,6 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; svartur botn og grænt efsta borð.

13. Skrokklag

Gaflbátur.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum svo vitað sé.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Lítið sem ekkert er vitað um sögu selabyttunnar nema að hún er frá Dalvík og kom þaðan til Minjasafnsins á Akureyri fyrir 1978, en ekki er vitað hvaða ár. Báturinn var á tímabili í vörslu Minjasafnsins en aldrei skráður formlega inn í bækur þess sem safngripur. Sumarið 1978 var lítils háttar gert við byttuna svo hægt væri að ljósmynda hana fyrir ritverkið Íslenskir sjávarhættir. Síðan átti ekki að hirða um bátinn meira og var Þjóðminjasafninu boðið að fá hann til eignar. Selabyttur voru algengustu bátar við selveiðar með byssu á Eyjafirði. Uppmæling og teikning af byttunni er í Íslenskir sjávarhættir I.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Dalvík, Eyjafjörður.

22. Ástand báts

Fremur slæmt, þarfnast viðgerðar.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Eitthvað af viðum úr óskyldum efnum er í bátnum eftir viðgerð 1978, sennilega krossviður. Ókunnugt er hvort núverandi litir séu upprunalegir.

24. Viðhald og viðgerðir

Lítils háttar var lappað upp á selabyttuna vegna myndatöku fyrir Íslenska sjávarhætti árið 1978.

25. Heimildir

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir I* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1980), bls. 384-385.

Tölvupóstur frá Hönnu Rósu Sveinsdóttur, safnverði, Minjasafninu á Akureyri, til Ágústar Georgssonar 31. júlí 2017.

Tölvupóstur frá Þór Magnússyni, fyrrv. þjóðminjaverði, til Ágústar Georgssonar 12. febrúar 2003.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS 1979-1, <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=338504>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Gaflbátur eða selabytta frá um 1880-1890. Hún er í fremur lélegu standi og þarfnast töluverðrar viðgerðar. Byttan er skráður safngripur og friðuð á grundvelli aldurs.

Snari



Snari á siglingu 1992. Ljósmynd Baldur Sigurgeirsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

5448, ÞMS/SMS 1994-29.

2. Tegund

Opinn vélbátur.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Jósep Sigurðsson, Minni-Borg, Árnassýslu.

Báturinn er í fóstri hjá Jósep samkvæmt samningi við Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

1954 – 1956: Gustur BA 11; eigandi Andrés Andrésson, Hamri í Múlahreppi, A-Barðarstrandarsýslu.

1956 – 1968: Gustur BA 11; eigendur Hafliði Árnason og Jóhannes Þórðarson, Flatey á Breiðafirði.

1968-1979: Snari ÞH 36; eigandi Jón Hannesson, Húsavík, 1968.

1979-1982: Snari ÞH 36; eigendur Hörður Arnórsson og Guðjón Björnsson á Húsavík.

1982 – 1984: Snari ÞH 36; eigendur Viðar Eiríksson og Ingólfur Árnason, Húsavík.

1984-1994: Snari ÞH 36; eigandi Óskar Axelsson Húsavík.

1994-2018: Báturinn tekinn af skrá 1994 og afhentur sjóminjasafninu í Hafnarfirði til eignar.

2018: Afhentur Jósep Sigurðssyni, Borgarbraut 16, Selfossi, skv. sérstökum samningi við Þjóðminjasafn Íslands þar sem Jósep skuldbindur sig til að gera bátinn sjófæran og koma í upprunalegt horf.

6. Varðveislustaður

Smíðaskemma Jóseps Sigurðssonar í Keflavík.

7. Smíðaár (aldur)

1953.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Aðalsteinn Aðalsteinsson, skipasmiður frá Hvallátrum á Breiðafirði.

9. Skipasmiðastöð, smíðastaður

Hvallátur á Breiðafirði.

10. Brúttórúmllestir

4,8.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 8,5 m; breidd 2,6 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Eik og fura; súðbyrðingur; litur – sjá mynd af Snara á siglingu.

13. Skrokklag

Sjá myndir.

14. Þilfar

Hálfþiljað.

15. Yfirbygging

Stýrishús, hvalbakur.

16. Neðan þilja

Lúkar.

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur.

18. Vél

Lister.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Fiskibátur alla tíð, fyrst í Barðastrandarsýslu en seinna í Flatey á Breiðafirði og á Húsavík.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Hvallátur á Breiðafirði; Hamar í A-Barðastrandarsýslu; Flatey á Breiðafirði; Húsavík.

22. Ástand báts

Báturinn er farinn að láta á sjá en var talinn viðgerðarhæfur að mati skipasmiðs sumarið 2017.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn virðist óbreyttur frá því sem fyrst var þótt ekki sé kunnugt um hvort litir séu upprunalegir.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Heimildir

Jón Björnsson, 1990. *Íslensk skip, bátar 1*, bls. 53. Reykjavík 1999.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS 1994-29.

27. Varðveislustaða

28. Almenn umsögn

Súðbyrtur fiskibátur, hálfþiljaður, sem smíðaður var í Hvallátrum á Breiðafirði um miðja tuttugustu öld. Báturinn hefur verið afhentur einkaaðila til varðveislu samkvæmt sérstökum samningi enda verði hann færður í sitt gamla horf og gerður sjóhæfur.



*Snari á leiðinni í fóstur og gagngerða viðgerð 19. janúar 2018.
Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.*

Þór



Árabáturinn Þór á sýningu á Ísafirði 2017. Ljósmynd af Byggðasafni Vestfjarða.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 2002–7.

2. Tegund

Árabátur; fjögurra manna far.

3. Hlutverk

Flutningabátur; heimilisbátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Ekki er kunnugt um hvort báturinn hafi haft fyrri nöfn. Engin umdæmisnúmer.

Eigendur:

Fyrir 1940: Ábúendur í Þernuvík, Ögursveit, Norður-Ísafjarðarsýslu.

1940/1945-?: Ábúendur að Keldu við Mjóafjörð, Norður-Ísafjarðarsýslu.

?-2002: Ari Sigurjónsson, Ísafirði.

2002-: Sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Byggðasafn Vestfjarða, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Sennilega smíðaður um 1880-1900.

8. Hönnuður, yfirsmiður**9. Skipasmíðastöð, smíðastaður****10. Brúttórúmllestir****11. Lengd, breidd og hæð/dýpt**

Lengd 6,9 m; breidd 1,7 m; dýpt 0.5 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Tré; súðbyrðingur; litir – sjá myndir.

13. Skrokklag

Líkist breiðfirsku bátalagi.

14. Þilfar**15. Yfirbygging****16. Neðan þilja****17. Möstur, seglabúnaður og árar**

Eitt mastur og fjórar árar, allt nýsmíði.

18. Vél

Aldrei hefur verið vél í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður**20. Notkunarsaga**

Ekki er kunnugt um hver smíðaði Þór en vitað er að hann kom frá Þernuvík í Ögursveit að Keldu við Mjóafjörð um 1940-1945. Líklegt er að upprunalega hafi hann verið notaður við fiskveiðar eins og flestir aðrir súðbyrðingar. Á Keldu var báturinn aðallega notaður við að flytja fólk og varning til og frá Djúpbátnum en aldrei við fiskveiðar. Einstaka sinnum var farið á honum yfir fjörðinn en yfirleitt var annar bátur notaður sem samgöngutæki. Báturinn var ekki hreyfður frá 1966 og látinn standa úti upp frá því fyrir ofan landinguna við Keldu. Hann var gefinn sjóminjasafninu í Hafnarfirði 2002 og fluttur í geymslu við botn Mjóafjarðar sama ár uns hann var færður til Bolungarvíkur til viðgerðar haustið 2005. Báturinn hefur verið til sýnis hjá Byggðasafni Vestfjarða á sumrin eftir að viðgerð lauk 2006.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Þernuvík; Kelda við Mjóafjörð.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Talið er að Þór hafi verið mörg ár í Þernuvík, jafnvel áratugi, áður en hann var seldur að Keldu. Þegar hann kom þangað um 1940-1945 var hann orðinn illa farinn og tekinn til viðgerðar. Það bendir til að báturinn hafi verið smíðaður töluvert fyrir þann tíma. Skipt var um framstefni, báða hástokka, gert við borðstokk öðru megin og jafnvel fleiri viðir endurnýjaðir. Athuganir bátasmiðs sýna að Þór hefur upphaflega verið með nánast breiðfirsku lagi en skipt var um stefni í honum um 1944 og lagi hans breytt nokkuð að framan með því að hafa stefnið úr beinni fjöl í stað beygju. Ummerki um breiðfirskt handbragð voru í skut og barka og ennfremur var botn og síðulag líkt því breiðfirska.

Þór var með tvo hástokka þegar safnið eignaðist hann og hafði öðrum þeirra verið skellt ofan á þann sem fyrir var. Báturinn var upphaflega allur blaðskeyttur og voru eftir sex borð blaðskeytt stjórnborðsmegin og fjögur bakborðsmegin. Byrðingur var úr furu en bönd, stefni og kjölur úr eik. Umför voru níu auk kjalsíðu. Þór er sérstakur fyrir að öll bönd í honum voru trénegld sem bendir til þess að hann sé smíðaður fyrir 1900, sennilega um 1880-1900.

Þór hefur verið smíðaður upp að nýju. Reyndist hann vera það illa farinn að endurnýja þurfti alla viði og aðeins stafnlokinu haldið eftir, sem að öllum líkindum er upprunalegt. Engu var breytt um lag bátsins og útlit nema hvað skipt var út beinu stefni fyrir bogið eins og upphaflega var í honum. Ný stefni og kjölur eru úr eik en aðrir viðir úr furu. Báturinn var tréseymdur að nýju, borð blaðskeytt og ný stýrisjárn eldsmíðuð. Að auki voru smíðaðar fjórar árar og austurtrog. Núverandi litir eru í samræmi við málningarleifar sem fundust á bátnum. Hefðbundið handverk var haft í heiðri við endursmíðina, en hún var kostuð með framlögum úr ríkissjóði.

24. Viðhald og viðgerðir

Að mati bátasmiðs var talið raunhæft að taka Þór til varðveislu og gera við hann og í framhaldi var hann fluttur til Bolungarvíkur árið 2004. Eftir að viðgerðin var farin af stað kom í ljós að nauðsynlegt væri að skipta út flestum viðum. Þegar viðgerð var lokið vorið 2006 hafði báturinn verið smíðaður upp að nýju ásamt árum og austurtrogi. Allir viðir voru smíðaðir eftir þeim gömlu. Viðgerðina annaðist Ragnar Jakobsson frá Reykjarfirði, þrautreyndur bátasmiður og vel heima í hinum gömlu handbrögðum.

25. Heimildir

Agnar Jónas Jónsson, skýrsla um uppmælingu af árabátnum Þór, sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands 2001 (fjölrit).

sjóminjasafnið í Hafnarfirði/Þjóðminjasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands, PMS/SMS 2002-7,

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=351247>.

26. Varðveislustaða

Skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Í raun er um nýjan bát að ræða þar sem nauðsynlegt reyndist að skipta út öllum viðum nema stafnlokinu þegar gert var við hann. Báturinn er nákvæm eftirmynd hins upprunalega og ekki nýsmíði í sjálfu sér enda var lagt upp með viðgerð og nýjum viðum bætt inn smám saman. Sú viðgerð hefur öll verið færð til bókar. Báturinn er skráður safngripur.



Frá viðgerð þórs 2005. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands.



Árabáturinn Þór í flutningi á Mjóafirði um 1950-1960. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands.

Ögri



Ögri á sýningu á Ísafirði. Ljósmynd. Byggðasafn Vestfjarða.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; PMS/SMS 1998-12.

2. Tegund

Árabátur; sexæringur.

3. Hlutverk

Fiskibátur; uppskipunarbátur; flutningabátur.

4. Eigandi

Þjóðminjasafn Íslands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur alltaf heitið Ögri. Engin umdæmisnúmer.

Eigendur:

Um 1880/1890-1894: Jakob Rósinkarsson bóndi í Ögri, Ögurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu.

1894 -1921: Þuríður Ólafsdóttir í Ögri (ekkja Jakobs).

1921-1933: Halldóra Þuríður og Ragnhildur Jakobsdætur í Ögri.

1933-1942: Ragnhildur Jakobsdóttir í Ögri.

1942-1969: Hafliði Ólafsson í Ögri.

1969-1998: Halldór Hafliðason í Ögri, síðast búsettur á Ísafirði.

1998-: Þjóðminjasafn Íslands.

6. Varðveislustaður

Byggðasafn Vestfjarða, geymsla.

7. Smíðaár (aldur)

Um 1880-1890.

8. Hönnuður, yfirsmiður

Kristján Kristjánsson, Þúfum í Reykjafjarðarhreppi, N-Ísafjarðarsýslu.

9. Skipasmíðastöð, smíðastaður

Þúfur í Reykjafjarðarhreppi.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt:

Lengd 7,8 m; breidd 2 m; dýpt 0,7 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Ögri er súðbyrðingur sem smíðaður er úr furu, einnig kjölur og stefni, auk þess sem eitthvað er um rekavið, þ.e. lerki. Viðir sem voru endurnýjaðir 1998-2000 eru úr rekaviði (furu).

Báturinn mun alltaf hafa verið grænn með hvítum lista og var hann málaður í þessum litum að viðgerð lokinni. Að innan er hann tjargaður. Áður hafði verið leitað að leifum af upprunalegum litum og reyndust þeir vera eins og hér hefur verið greint frá.

13. Skrokklag

Ögri er með lagi sem algengt var við Ísafjarðardjúp, stefni hringmynduð og lotmikil en einkum þó að framan.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt gamalt mastur, nýtt þversegl og fokka, tvær gamlar árar og fjórar nýsmíðaðar.

18. Vél

Vél hefur aldrei verið í bátnum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Með Ögra fylgir mastur, tvær árar, rá fyrir þversegl og upphengibúnaður úr járn fyrir rána, þ.e. baula, krókur, lás og kós sem fest er saman. Búnaður þessi er gamall í bátnum, sennilega frá því eitthvað fyrir 1940 eða jafnvel eldri. Annar farbúnaður, svo sem flestar árar, stýri og segl, er glataður. Ögri var tekinn til viðgerðar 1998 og voru þá smíðaðar fjórar árar, stýri, útleggjari, austurtrog o.fl.

20. Notkunarsaga

Ögri var fiskibátur og notaður sem slíkur til 1924 og ýmist róíð úr heimavör eða frá Bolungarvík. Formaður var Hjörtur Sæmundsson sem lengi var búsettur í Ögri. Hann fékk mótorbát 1924 og var þá hætt að veiða á Ögra. Eftir 1924 var hann notaður sem uppskipunarbátur og til fjár- og heyflutninga. Hann var seinast sjósettur sumarið 1952. Þá var komin bryggja í Ögurvík og ekki lengur þörf á uppskipunarbáti. Síðan var Ögri geymdur á hvolfi og búið um hann eftir því sem tók voru á. Hann var alla tíð í eigu ábúenda í Ögri uns hann var gefinn Þjóðminjasafni Íslands árið 1998.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Púfur í Reykjafjarðarhreppi N-Ísafjarðarsýslu, Ögur í Öguruhreppi N-Ísafjarðarsýslu.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki, breytingasaga

Ögri er eini vestfirski sexæringurinn sem varðveist hefur alveg óbreyttur hvað snertir form og útlit. Þegar hann var tekinn til viðgerðar 1998 var smíðaður í hann nýr kjölur, bæði stefni, kjalsíður, allmörg borð eða hluti af þeim, nokkur bönd eða hluti af þeim, fjórar árar, stýri, útleggjari, austurtrog o.fl. Tvö bönd (nr. 13 og 14) eru með trénöglum frá fyrstu tíð. Talið er að öll bönd hafi upprunalega verið trénegld en járnnaclar á samskeytum borða. Örfáir heimasníðaðir járnnaclar eru eftir í bátnum. Gunnar Bjarnason húsmíðameistari í Reykjavík, annaðist alla járnsmíði (eldsmíði), þ.e. krók og hólk á bugspjót, stýrisjárn o.fl. Reynt var að halda eins miklu af upprunalegum viðum og unnt var og ennfremur er lag bátsins óbreytt frá því upphaflega. Nýir viðir voru smíðaðir eftir þeim eldri. Viðir sem voru endurnýjaðir eru úr rekaviði (furu). Líklegt er að talsverður hluti af borðum og böndum ásamt trénöglum séu upphaflega úr rauðaviði, þ.e. rekaviði. Báturinn er í sömu litum og frá upphafi.

Á stafnlöki í skut Ögra var fjöl sem í var skorið *Ögri frá Ögri*. Fjölin hvarf úr bátnum eftir að ferðamenn tóku að venja komur sínar í Ögur. Búin var til ný fjöl, eftir fyrirsögn Halldórs Hafliðasonar, með sama útskurði og sett í skutinn.

24. Viðhald og viðgerðir

Ekki er kunnugt um neinar stórvíðgerðir á Ögra fyrir 1998 utan þess að skift var um kjöl og fleira smálegt eftir að hann f auk að vetrarlagi, líklega 1943 eða 1944. Viðgerðin fór líklega fram í skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar á Ísafirði. Smíðurinn sem annaðist viðgerðina sem hófst 1998 segist hafa séð ummerki þess að töluvert hafi verið gert við bátinn, jafnvel meira en áður var haldið. Viðgerðinni lauk árið 2000 og var síðast gert við mastrið. Þar að auki var saumað nýtt þversegl og fokka (forsegl). Seglagerðina annaðist Jón Guðbjartsson í Bolungarvík. Seglin voru mátuð við bátinn áður en kaðall, lý, var saumaður við jaðrana. Viðgerðina annaðist Ragnar Jakobsson frá Reykjarfirði, þrautreyndur bátasmiður og vel heima í hinum gömlu vinnubrögðum. Óhætt er að fullyrða að viðgerðin hafi heppnast afar vel og Ögri endurheimt sinn fyrri glæsileik.

Aftur var gert við Ögra í byrjun árs 2016 og var þá m.a. skipt út hástokkum, borðstokkum og rimaborði. Ennfremur var skipt út upprunalegum ræðum og önnur úr óskyldu efni, bronslituð, sett í staðinn sem alls ekki eiga við.

25. Heimildir

Agnar Jónas Jónsson: Skýrsla um uppmælingu og teikningar af árabátum Ögra, Þjóðminjasafn Íslands 2000 (fjölrit).

Kr. J., „Halldóra Jakobsdóttir í Ögri“, *Óðinn* 7-12 tölublað 1934, bls. 73.

Magnús Guðmundsson Setbergi; „Gjöf til Ögurkirkju“, *Vesturland* 18. tölublað 1954, bls. 2.

S. Bj. og Runólfur Þórarinnsson, „Hafliði Ólafsson Ögri – Minning,“ *Morgunblaðið* 1. júní 1960, bls. 9.

„Úr bæ og byggð. Andlát. Ragnhildur Jakobsdóttir“, *Vesturland* 26. Mars 1960, 1.-2. tölublað 1960, bls. 8.

Þjóðminjasafn Íslands, ÞMS/SMS 1998-12,
<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=342456>.

26. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs, skráður safngripur.

27. Almenn umsögn

Ögri er eini vestfirski sexæringurinn sem varðveist hefur óbreyttur og er glæsilegur fulltrúi hinna gömlu áraskipa við Ísafjarðardjúp. Hann var í fyrstu notaður sem fiskibátur en seinna sem flutningabátur. Ögri var tekinn til gagngerðrar viðgerðar eftir að Þjóðminjasafn Íslands eignaðist hann og var þá haldið eftir eins miklu af upprunalegum viðum og unnt var. Lag bátsins er hið upprunalega og nýir viðir sniðnir þeim eldri. Hann er skráður safngripur og friðaður á grundvelli aldurs.



Ögri í geymslu á Ísafirði. Hér sjást upphafleg ræði, mastur og tvær árar. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.



Ógri er einstaklega formfagur eins og sjá má á þessari mynd. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands.